

löngu áður en hjer meðal vor Íslendinga í Vesturheiuni, að aflaga má og veikja grundvöll trúarinnar af þeim, sem sálusorgin er á hendur falin, án þess almennings finni til þess eða sjái það. Það getur líka vel verið, að það styrki sumá í þeirri límyndan að sjera Páll Þorláksson standi í anda nær kirkjunni á Íslandi heldur en eg, að hann hefir forðast, njer liggur við að segja: eins og heitan eldinn, að henda almenningsi á misfellurnar í hinu Íslensku Þjóðkirkju, þar sem eg hvorki opinberlega nje einstaklega hefí úregið neinar dulur á, í hverju trúarlífi Íslendinga á þessari öld helst er ábótavant. Svo hefir sýnóðan norska orðið fyrir því happi, að merkur prestur einn úti á Íslandi hefir tekið málstað hennar og haldið því fram, að mótspyrma sú, er risið hefir upp vor á meðal móti sjera Páli. útsendara þessa kirkjufélags, sje ástæðulaus, ef ekki annað verra. Þetta getur eðlilega orðið til þess að blinda 'augu sumra, því fjölda margir eiga ekki kost á að kynna sjer sjálfir málavexti til hlítar og neyðast því til að halla sjer, að því er samfæring suertir, upp að brjósti annara. Grein sú, er sjera Björn Halldórsson reit til varnar sjera Páli og norsku sýnóðunni, var skjótt sett í kirkjutíðindi sýnóðumanna sem vitnisburður um það, hvernig einhver hinna mest málsmetandi presta á Íslandi liti á trúarágreiningsmál vor. Ekki hefir sá, er sneri vitnisburði þessum á norsku og sendi hann kirkjutíðindunum, nafngreint sig, en í inngangsorðum til greinarinnar getur hann þess, að eftir að höfundurinn (sjera Björn) hafi fengið í hendur „naðsynlegar upplýsingar“ um norsku sýnóðuna, þá